

## TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/943

2019/EES/101/03

frá 8. júní 2016

**um verndun trúnaðarupplýsinga um sérþekkingu og viðskiptaupplýsinga (viðskiptaleyndarmál) gegn ólögmati öflun, notkun og birtingu þeirra (\*)**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fyrirtæki og rannsóknarstofnanir, sem eru ekki reknaðar í atvinnuskyni, fjárfesta í öflun, þróun og notkun sérþekkingar og upplýsinga sem eru gjaldmiðill þekkingarhagkerfisins og veita yfirburði í samkeppni. Þessi fjárfesting í framleiðslu og notkun þekkingarverðmæta er ákvarðandi þáttur að því er varðar samkeppnishæfni þeirra og árangur í tengslum við nýsköpun á markaðnum og þar með að af fjárfestingum sem er undirliggjandi hvati til rannsókna og þróunar á sviði viðskipta. Fyrirtæki geta gripið til mismunandi aðferða við að tileinka sér árangur af nýsköpunarstarfsemi sinni þegar opinn aðgangur gerir þeim ekki kleift að nýta fjárfestingar sínar í rannsóknum og nýsköpun til fulls. Notkun hugverkaréttinda, s.s. einkaleyfa, hönnunarréttar eða höfundarréttar, er ein slík aðferð. Önnur aðferð til að tileinka sér árangur af nýsköpun er að vernda aðgang að lítt útbreiddri þekkingu, sem er aðilanum verðmæt, og nýta hana. Lítið er á verðmæta sérþekkingu og viðskiptaupplýsingar, sem eru trúnaðarmál og eiga að vera það áfram, sem viðskiptaleyndarmál.
- 2) Í fyrirtækjum, án tillits til þess hve stór þau eru, eru viðskiptaleyndarmál metin á sama hátt og einkaleyfi og önnur form hugverkaréttinda. Þar er trúnaðarskylda notuð sem tæki til þess að stjórna samkeppnishæfni fyrirtækisins og nýjungum í rannsóknum og í tengslum við margs konar upplýsingar sem ná allt frá tækniþekkingu að viðskiptagögnum, s.s. upplýsingar um viðskiptavini og birgja, viðskiptaáætlanir og markaðsrannsóknir og -áætlanir. Lítil og meðalstór fyrirtæki meta viðskiptaleyndarmál jafnvel enn frekar og reiða sig á þau. Með því að vernda sérþekkingu og viðskiptaupplýsingar á svo

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 157, 15.6.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB C 226, 16.7.2014, bls. 48.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. apríl 2016 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 27. maí 2016.

breiðum grundvelli, hvort heldur þær eru viðbót við hugverkaréttindi eða koma í þeirra stað, gera viðskiptaleyndarmál höfundum og frumkvöðlum kleift að hagnast á nýsköpun sinni eða nýjungum og eru þau því sérstaklega mikilvæg fyrir samkeppnishæfni fyrirtækisins og einnig rannsóknir og þróun, auk árangurs í tengslum við nýsköpun.

- 3) Opin nýsköpun er hvati til að koma fram með nýjar hugmyndir, sem uppfylla þarfir neytenda og taka á samfélagslegum áskorunum, og gerir það mögulegt að þessar hugmyndir nái inn á markaðinn. Slík nýsköpun er mikilvæg lyftistöng fyrir sköpun nýrrar þekkingar og rennir stoðum undir það að fram komi ný og nýstárleg viðskiptalíkön sem byggjast á notkun þekkingar sem fleiri skapa í sameiningu. Rannsóknarsamstarf, þ.m.t. samstarf yfir landamæri, er sérstaklega mikilvægt til að auka rannsóknir og þróun fyrirtækja á innri markaðnum. Miðlun þekkingar og upplýsinga ætti að teljast nauðsynleg til þess að tryggja öflug, jákvæð og jöfn tækifæri til fyrirtækjaþróunar, einkum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Á innri markaðnum þar sem hindranir á samstarfi yfir landamæri eru í lágmarki og ekki er röskun á samkeppni ætti sköpun hugverka og nýsköpun að hvetja til fjárfestinga í nýsköpunarferlum, -þjónustu og -vörum. Slíkt umhverfi, sem stuðlar að sköpun hugverka og nýsköpun og þar sem hreyfanleiki í starfi er ekki hindraður, er einnig mikilvægt fyrir fjölgun starfa og til að bæta samkeppnishæfni í atvinnulífi Sambandsins. Viðskiptaleyndarmál gegna mikilvægu hlutverki við að vernda og miðla þekkingu milli fyrirtækja, þ.m.t. einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja, og rannsóknarstofnana, bæði innan og handan landamæra innri markaðarins, í tengslum við rannsóknir og þróun og nýsköpun. Viðskiptaleyndarmál eru eitt algengasta form verndar hugverkasköpunar og nýstárlegrar sérþekkingar af hálfu fyrirtækja, en þau njóta jafnframt minnstrar verndar af núgildandi lagaramma Sambandsins gagnvart því að aðrir aðilar afli þeirra, noti eða birti með ólögætum hætti.
- 4) Nýsköpunarfyrirtæki standa í auknum mæli frammi fyrir óheiðarlegum viðskiptaháttum sem beinast að óréttmætri nýtingu viðskiptaleyndarmála, s.s. þjófnaði, afritun án leyfis, iðnaðarnjósnum eða brotum á trúnaðarskyldu, hvort heldur er innan Sambandsins eða utan. Nýleg þróun, s.s. alþjóðavæðing, aukin útvistun, lengri birgðakeðjur og aukin notkun á upplýsinga- og fjarskiptatækni, stuðlar að því að hættan á þessum viðskiptaháttum aukist. Ólögmet öflun, notkun eða birting viðskiptaleyndarmála stofnar í hættu þeim möguleika handhafa lögmætra viðskiptaleyndarmála að vera þeir sem fyrstir fá arð á markaðnum af nýsköpunarvinnu sinni. Án skilvirkra og sambærilegra lagalegra úrræða til að vernda viðskiptaleyndarmál alls staðar í Sambandinu er grafið undan því framtaki að taka þátt í nýsköpunarstarfsemi, sem nær yfir landamæri á innri markaðnum, og möguleikar viðskiptaleyndarmála sem drifkraftur í að knýja fram efnahagslegan vöxt og störf nýtast ekki til fulls. Þetta er ekki hvatning til nýsköpunar og skapandi hugvits og dregur úr fjárfestingum, en það hefur áhrif á snurðulausa starfsemi innri markaðarins og grefur undan vaxtarmöguleikum hans.
- 5) Alþjóðlegt átak á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar til að taka á þessu vandamáli leiddi til þess að samningur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um hugverkarétt í viðskiptum (TRIPS-samningurinn) var gerður. TRIPS-samningurinn inniheldur m.a. ákvæði um vernd viðskiptaleyndarmála gegn ólögmetri öflun, notkun eða birtingu af hálfu þriðja aðila, en þau eru sameiginleg alþjóðleg viðmið. Öll aðildarríki ásamt Sambandinu sjálfu eru bundin af þessum samningi sem var samþykktur með ákvörðun ráðsins 94/800/EB (1).
- 6) Þrátt fyrir TRIPS-samninginn er þýðingarmikill munur á löggjöf aðildarríkjanna er varðar verndun viðskiptaleyndarmála gegn ólögmetri öflun, notkun eða birtingu af hálfu annarra aðila. Ekki hafa t.d. í öllum aðildarríkjum verið samþykktar landsbundnar skilgreiningar á viðskiptaleyndarmáli eða ólögmetri öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmáls, af þeim sökum er aðgangur að þekkingu á gildissviði verndar ekki greiður og er það gildissvið mismunandi í aðildarríkjunum. Enn fremur er ekkert samræmi að því er varðar tiltæk einkaréttarleg úrræði þegar um er að ræða ólögmetna öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmála, þar sem boð eða bönn eru ekki alltaf fyrir hendi í öllum aðildarríkjum gagnvart þriðju aðilum sem eru ekki samkeppnisaðilar lögmæts handhafa viðskiptaleyndarmálsins. Misræmis gætir einnig í öllum aðildarríkjunum að því er varðar meðhöndlun á þriðja aðila sem hefur aflað sér viðskiptaleyndarmáls í góðri trú en fær síðan að vita, þegar hann notar leyndarmálið, að öflun hans á því má rekja til þess að annar aðili hafi áður aflað þess með ólögmetum hætti.
- 7) Landsreglur eru líka ólíkar með tilliti til þess hvort lögmætum handhöfum viðskiptaleyndarmáls sé heimilt að sækjast eftir því að vörum, sem framleiddar eru af þriðja aðila sem notar viðskiptaleyndarmál með ólögmetum hætti, verði eytt

(1) Ákvörðun ráðsins 94/800/EB frá 22. desember 1994 um samþykki af hálfu Evrópubandalagsins, að því er varðar málefni sem falla undir valdsvið þess, á samningunum sem náðust í Úrúgvælotu marghliða samningaviðræðnanna (1986 til 1994) (Stjtd EB L 336, 23.12.1994, bls. 1).

eða að skjölum, skráum eða efni, sem hafa að geyma eða fela í sér viðskiptaleyndarmál sem er aflað eða eru notuð með ólögumætum hætti, verði skilað eða þeim verði eytt. Enn fremur er ekki alltaf tekið tillit til þess, í gildandi landsreglum um útreikning skaðabóta, hve óáþreifanleg viðskiptaleyndarmál eru og því erfitt að sýna fram á raunverulegt tap á hagnaði eða óréttmæta auðgun brotlegs aðila þegar ekki er hægt að ákvarða markaðsvirði fyrir upplýsingarnar sem um er að ræða. Einungis fáein aðildarríki gera ráð fyrir beitingu óhlutstæðra reglna um útreikning á tjóni, sem byggjast á sanngjörnum réthafagreiðslum eða gjaldi, sem hefði átt að greiðast ef fyrir hendi væri leyfi til að nota viðskiptaleyndarmálið. Margar landsreglur kveða auk þess ekki á um viðeigandi vernd er varðar trúnaðarskyldu um viðskiptaleyndarmál þegar handhafi viðskiptaleyndarmálsins leggur fram kæru um meinta ólögumæta öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmáls af hálfu þriðja aðila, sem dregur þar með úr aðdráttarafli gildandi ráðstafana og úrræða og veikir þá vernd sem er í boði.

- 8) Mismunur ákvæða um lögverndun viðskiptaleyndarmála í aðildarríkjunum þýðir að viðskiptaleyndarmál njóta ekki jafn mikillar verndar alls staðar í Sambandinu og stuðlar því að uppskiptingu innri markaðarins á þessu svæði og veikir varnaðaráhrif viðkomandi reglna í heild. Innri markaðurinn verður fyrir áhrifum að svo miklu leyti sem slíkur mismunur dregur úr tilhneingingu fyrirtækja til að reka nýsköpunartengda atvinnustarfsemi yfir landamæri, þ.m.t. samvinnu við rannsóknir eða framleiðslu við samstarfsaðila, útvistun eða fjárfestingu í öðrum aðildarríkjum, sem byggist á notkun upplýsinga sem njóta verndar sem viðskiptaleyndarmál. Nettengdar rannsóknir og þróun yfir landamæri, sem og nýsköpunartengd starfsemi, þ.m.t. tengd framleiðsla og viðskipti yfir landamæri í kjölfarið eru gerð minna aðlaðandi og erfðari innan Sambandsins, og leiðir þannig einnig til óskilvirkni í tengslum við nýsköpun í gervöllu Sambandinu.
- 9) Auk þess er meiri áhætta fyrir fyrirtæki í aðildarríkjum með tiltölulega minni vernd af þeirri ástæðu að viðskiptaleyndarmálum kann að vera stolið eða auðveldara er að afla þeirra á annan ólögumætum hátt. Þetta leiðir til óskilvirkrar ráðstöfunar á fjármagni til nýsköpunar sem stuðlar að vexti á innri markaðnum, vegna hærri útgjalda til verndarráðstafana til að bæta upp ófullnægjandi lögverndun í sumum aðildarríkjum. Þetta styður einnig starfsemi óheildarlegra samkeppnisaðila sem, eftir að hafa aflað viðskiptaleyndarmála með ólögumætum hætti, gætu dreift vörum um allan innri markaðinn í kjölfar slíkrar öflunar. Mismunandi löggjöf auðveldar einnig innflutning vara frá þriðju löndum til Sambandsins um komustaði þar sem verndun er veikari, þegar hönnun, framleiðsla eða markaðssetning þessara vara byggist á viðskiptaleyndarmálum sem hefur verið stolið eða aflað með öðrum ólögumætum hætti. Á heildina lítið hindrar slíkur mismunur eðlilega starfsemi innri markaðarins.
- 10) Rétt þykir að kveða á um reglur á vettvangi Sambandsins til að samræma lög aðildarríkjanna til þess að tryggja að fyrir hendi séu fullnægjandi og samkvæm einkaréttarleg úrræði á innri markaðnum þegar um er að ræða ólögumæta öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmáls. Þessar reglur ættu að vera með fyrirvara um þann möguleika aðildarríkja að veita víðtækari vernd gegn ólögumætri öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmála svo fremi að verndar-ráðstafanirnar, sem skýrt er kveðið á um í þessari tilskipun til að vernda hagsmuni annarra aðila, séu virtar.
- 11) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á beitingu Sambandsreglna eða landsreglna þar sem krafist er að upplýsingar, þ.m.t. viðskiptaleyndarmál, séu birtar almenningi eða opinberum yfirvöldum. Hún ætti ekki heldur að hafa áhrif á beitingu reglna sem heimila opinberum yfirvöldum að safna upplýsingum við skyldustörf sín eða reglna sem heimila eða krefjast þess að þessi opinberu yfirvöld birti almenningi viðkomandi upplýsingar síðar. Í slíkum reglum felast einkum reglur um birtingu stofnana og aðila Sambandsins eða landsbundinna opinberra yfirvalda á viðskiptatengdum upplýsingum sem þau hafa undir höndum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 <sup>(1)</sup>, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 <sup>(2)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB <sup>(3)</sup> eða samkvæmt öðrum reglum um opinberan aðgang að skjölum eða um gagnsæisskyldu landsbundinna opinberra yfirvalda.
- 12) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á rétt aðila vinnumarkaðarins til að gera kjarasamninga, þar sem kveðið er á um slíkan rétt í vinnulöggjöf, að því er varðar skuldbindingu um að birta ekki viðskiptaleyndarmál eða takmarka notkun

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (Stjtið. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43).

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 frá 6. september 2006 um beitingu ákvæða Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum hjá stofnunum og aðilum Bandalagsins (Stjtið. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 13).

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/4/EB frá 28. janúar 2003 um almennan aðgang að upplýsingum um umhverfismál og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/313/EBE (Stjtið. ESB L 41, 14.2.2003, bls. 26).

Þess, og afleiðingar þess ef aðili að honum brýtur í bága við þá skuldbindingu. Þetta ætti að vera með því skilyrði að slíkur kjarasamningur takmarki ekki undantekningarnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, þegar synjað verður beiðni um ráðstafanir, meðferð eða úrræði, sem kveðið er á um í þessari tilskipun vegna meintrar öflunar, notkunar eða birtingar viðskiptaleyndarmáls.

- 13) Þessa tilskipun ætti ekki að skilja svo að hún takmarki staðfesturétt, frjálsa för launþega eða hreyfanleika launafólks eins og kveðið er á um í Sambandslögum. Ekki er heldur ætlunin að hún hafi áhrif á möguleika á því að gera samninga um bann við samkeppni milli vinnuveitenda og starfsmanna, í samræmi við gildandi lög.
- 14) Mikilvægt er að ákvarða einsleita skilgreiningu á viðskiptaleyndarmáli án þess að takmarka viðfangsefnið sem á að vernda gegn óréttmætri nýtingu. Slíka skilgreiningu ætti því að setja saman með þeim hætti að hún taki til sérþekkingar, viðskiptaupplýsinga og tækniupplýsinga í tilvikum þar sem bæði lögmætir hagsmunir og lögmætar væntingar eru um að trúnaður sé um þær og að slík trúnaðarskylda sé virt. Enn fremur ætti slík sérþekking eða upplýsingar að hafa viðskiptalegt gildi, hvort heldur er raunverulegt eða hugsanlegt. Líta ber á að slík sérþekking eða upplýsingar hafi viðskiptalegt gildi, t.d. þegar ólögmæt öflun, notkun eða birting er líkleg til að skaða hagsmuni þess aðila sem hefur lögleg yfirráð yfir þeim, að því leyti að það grafi undan vísindalegum og tæknilegum möguleikum þess aðila, viðskiptahagsmunum eða fjárhagslegum hagsmunum hans, mikilvægri stöðu eða getu til samkeppni. Í skilgreiningu á viðskiptaleyndarmáli eru undanskildar smávægilegar upplýsingar og sú reynsla og færni sem starfsmenn hafa hlotið í venjubundnu starfi sínu, einnig eru undanskildar upplýsingar sem almennt eru þekktar, eða auðvelt er að nálgast, meðal aðila í hópum sem venjulega fjalla um þess konar upplýsingar.
- 15) Einnig er mikilvægt að greina þær aðstæður þar sem lögverndun viðskiptaleyndarmála er réttlætlanleg. Af þessum sökum er nauðsynlegt að ákvarða hvaða framferði og venjur beri að líta á sem ólögmæta öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmáls.
- 16) Í þágu nýsköpunar og til að ýta undir samkeppni ættu ákvæði þessarar tilskipunar ekki að skapa einkarétt á sérþekkingu eða upplýsingum sem njóta verndar sem viðskiptaleyndarmál. Þannig ætti sjálfstæð uppgötvun sömu sérþekkingar eða upplýsinga að vera möguleg áfram. Vendumíði vöru sem er aflað með löglegum hætti ætti að teljast lögleg leið til að afla upplýsinga nema gert hafi verið samningsbundið samkomulag um annað. Frelsi til slíks samningsbundins fyrirkomulags getur þó takmarkast af lögum.
- 17) Í sumum atvinnugreinum þar sem höfundar og frumkvöðlar geta ekki notið góðs af einkarétti og þar sem nýsköpun hefur venju samkvæmt treyst á viðskiptaleyndarmál, er auðvelt nú á tímum að vendumíða framleiðsluvörur þegar þær eru komnar á markaðinn. Í slíkum tilvikum geta þessir höfundar og frumkvöðlar verið fórnarlömb iðju á borð við óheimilar endurgerðir eða ófrumlegar eftirlíkingar þar sem aðilar nýta sér ókeypiss orðspor þeirra og nýsköpunarstarf. Í sumum landslögum um óréttmæta samkeppni er fjallað um þessa iðju. Enda þótt þessi tilskipun beinist ekki að því að bæta eða samræma lög um ósanngjarna samkeppni almennt væri rétt að framkvæmdastjórnin skoðaði vandlega þörf á að Sambandið grípi til aðgerða á því sviði.
- 18) Enn fremur ætti að líta svo á að öflun, notkun eða birting viðskiptaleyndarmála sé lögmæt að því er varðar þessa tilskipun þegar lögin krefjast þess eða heimila það. Þetta tengist einkum öflun og birtingu viðskiptaleyndarmála í tengslum við að fulltrúar launþega neyti þess réttar að fá upplýsingar, hafa samráð og taka þátt, í samræmi við lög Sambandsins og landslög og venjur, og sameiginlega verndun hagsmuna launþega og vinnuveitenda, þ.m.t. sameiginlega ákvarðanatöku, ásamt öflun eða birtingu viðskiptaleyndarmáls í sambandi við lögboðna endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við lög Sambandsins eða landslög. En þegar öflun viðskiptaleyndarmáls er talin lögmæt ætti það að vera með fyrirvara um trúnaðarskyldu að því er varðar viðskiptaleyndarmálið eða hvers konar takmörkun á notkun þess sem lög Sambandsins eða landslög leggja á viðtakandann eða þann sem aflar upplýsinganna. Einkum ætti þessi tilskipun ekki að leysa opinber yfirvöld undan trúnaðarskyldum með tilliti til upplýsinga sem fengnar eru frá handhöfum viðskiptaleyndarmála, óháð því hvort mælt er fyrir um þessar skyldur í lögum Sambandsins eða í landslögum. Slíkar trúnaðarkvaðir fela m.a. í sér skyldur að því er varðar upplýsingar sem sendar eru áfram til

sammingsyfirvalda í tengslum við innkaupaferli, eins og mælt er fyrir um t.d. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB <sup>(1)</sup>, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB <sup>(2)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB <sup>(3)</sup>.

- 19) Þótt þessi tilskipun kveði á um ráðstafanir og úrræði sem geta falist í að hindra birtingu upplýsinga í því skyni að vernda trúnaðarskyldu um viðskiptaleyndarmál er mikilvægt að réttur til tjáningarfrelsis og upplýsinga sem tekur til frelisis og fjölraðis í fjölmiðlum, eins og fram kemur í 11. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálanum“), sé ekki takmarkaður, einkum með tilliti til rannsóknarblaðamennsku og verndunar heimilda blaðamanna.
- 20) Ráðstafanir, verklagsreglur og úrræði sem kveðið er á um í þessari tilskipun ættu ekki að takmarka starfsemi uppljóstrara. Verndun viðskiptaleyndarmála ætti því ekki að taka til tilvika þar sem birting viðskiptaleyndarmáls er í þágu almannahagsmuna, að svo miklu leyti sem misferli, brot eða ólögmet starfsemi, sem beinlínis á við, er afhjúpað. Þetta ætti ekki að koma í veg fyrir að lögbær dómseyfirvöld leyfi undantekningu frá því að beita ráðstöfunum, verklagsreglum og úrræðum í tilvikum þar sem stefndi hafði ástæðu til að ætla í góðri trú að framferði hans uppfyllti viðkomandi viðmiðanir sem settar eru fram í þessari tilskipun.
- 21) Í samræmi við meginregluna um meðalhóf ættu ráðstafanir, verklagsreglur og úrræði sem eiga að vernda viðskiptaleyndarmál að vera sniðin að því að uppfylla markmið um snurðulausa starfsemi innri markaðarins er varðar rannsóknir og nýsköpun, einkum með því að fyrirbyggja ólögmetra öflun, notkun og birtingu viðskiptaleyndarmáls. Slík aðlögun ráðstafana, verklagsreglna og úrræða ætti ekki að stofna í hættu eða grafa undan grundvallarréttindum og frelsi eða almannahagsmunum, s.s. almannaöryggi, neytendavernd, lýðheilsu og umhverfisvernd, og ætti því ekki að hafa áhrif á hreyfanleika launafólks. Hvað þetta varðar miðast ráðstafanir, verklagsreglur og úrræði sem kveðið er á um í þessari tilskipun við að tryggja að lögbær dómseyfirvöld taki tillit til þátta eins og verðmætis viðskiptaleyndarmáls, hve alvarlegt framferðið er sem leiddi til ólögmetrar öflunar, notkunar eða birtingar viðskiptaleyndarmálsins og áhrifanna af slíku framferði. Einnig ætti að tryggja að lögbærum dómseyfirvöldum sé heimilt að meta hagsmuni aðila að dómsmálinu ásamt hagsmunum þriðja aðila, þ.m.t., eftir því sem við á, neytenda.
- 22) Grafið yrði undan snurðulausri starfsemi innri markaðarins ef ráðstafanir, verklagsreglur og úrræði sem kveðið er á um væru notuð í ólöglegu augnamiði sem samræmist ekki markmiðum þessarar tilskipunar. Því er mikilvægt að veita dómseyfirvöldum heimild til að samþykkja viðeigandi ráðstafanir að því er varðar kærendur sem aðhafast á óviðeigandi hátt eða gegn betri vitund og leggja fram órókstuddar kærur, t.d. í þeim tilgangi að tefja með ósanngjörnum hætti eða takmarka aðgang stefnda að markaðnum eða á annan hátt hótta hinum stefnda eða hrella hann.
- 23) Í þágu réttarvissu og með tilliti til þess að til þess er ætlast að lögmætir handhafar viðskiptaleyndarmála framfylgi varúðarskyldu að því er varðar varðveislu trúnaðar vegna verðmættra viðskiptaleyndarmála og eftirlit með notkun þeirra, er rétt að takmarka tímabundið efnislegar kröfur eða möguleikann á að hefja aðgerðir til verndar viðskiptaleyndarmálum. Í landslögum ætti einnig að tilgreina, á skýran og ótvíræðan hátt, hvenær þetta tímabil hefst og við hvaða aðstæður má rjúfa það eða fresta því.
- 24) Líkurnar á að viðskiptaleyndarmál verði opinbert meðan á dómsmáli stendur aftrar oft löglegum handhöfum viðskiptaleyndarmála frá því að hefja dómsmál til að verja viðskiptaleyndarmál sín og stofnar þar með fyrirhuguðum ráðstöfunum, verklagsreglum og úrræðum í hættu. Af þessum sökum er nauðsynlegt, með fyrirvara um viðeigandi verndarráðstafanir sem tryggja réttinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, að setja sérstakar kröfur sem beinast að því að vernda trúnað vegna viðskiptaleyndarmálsins sem vefengt er í málaferlum sem eru hafin því til varnar. Slík vernd ætti að gilda áfram eftir að dómsmálinu lýkur og svo lengi sem upplýsingarnar sem viðskiptaleyndarmálið hefur að geyma eru ekki almenningseign.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga (Stj.úð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB (Stj.úð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65).

(3) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stj.úð. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

- 25) Slíkar kvaðir ættu a.m.k. að taka til þess möguleika að takmarka þann hóp aðila sem eiga rétt á aðgangi að sönnunargögnum eða skýrslugjöf, með það í huga að þær trúnaðarkvaðir sem eru settar fram í þessari tilskipun ættu að taka til allra slíkra aðila, og að birta einungis þá þætti dómsniðurstaðna sem ekki eru trúnaðarmál. Í þessu samhengi, með tilliti til þess að mat á eðli upplýsinganna sem eru tilefni deilunnar er einn megintilgangur dómsmálsins, er einkum mikilvægt að tryggja skilvirka vernd trúnaðar vegna viðskiptaleyndarmála og virðingu fyrir rétti aðila að þessum málaferlum til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Í þessum takmarkaða hópi aðila ætti því að vera a.m.k. einn einstaklingur frá hverjum málsaðila auk lögfræðinga þeirra hvers um sig og, eftir því sem við á, aðrir fulltrúar með tilskilin réttindi í samræmi við landslög til þess að verja, vera í fyrirsvari fyrir eða þjóna hagsmunum málsaðila í dómsmáli sem þessi tilskipun tekur til, og sem allir ættu að hafa fullan aðgang að slíkum sönnunargögnum eða skýrslugjöf. Í því tilviki að einn aðilinn er lögaðili ætti sá að geta komið með tillögu um einstakling eða einstaklinga sem ættu að vera í aðilahópnum til þess að tryggja rétt fyrirvar þessa lögaðila, með fyrirvara um víðeigandi eftirlit dómstóla til að koma í veg fyrir að grafið verði undan markmiðinu um takmarkaðan aðgang að sönnunargögnum og skýrslugjöf. Ekki ber að skilja slíkar verndarráðstafanir á þann veg að krafa sé um að lögfræðingur eða annar fulltrúi sé í fyrirsvari fyrir málsaðilana þegar ekki er krafa um slíkt fyrirvar í landslögum. Ekki ætti heldur að skilja þær á þann veg að þær takmarki valdheimild dómstólanna til að ákvarða, í samræmi við gildandi reglur og starfsvenjur hlutaðeigandi aðildarríkis, hvort og að hvaða marki viðkomandi embættismenn dómstólsins ættu einnig að hafa fullan aðgang að sönnunargögnum og skýrslugjöf til að geta sinnt skyldum sínum.
- 26) Ólögmat öflun, notkun eða birting viðskiptaleyndarmáls af hendi þriðja aðila gæti haft skaðleg áhrif á lögmætan handhafa viðskiptaleyndarmálsins því að þegar það hefur verið birt opinberlega væri ógjörningur fyrir handhafann að hverfa aftur til þeirrar stöðu sem var áður en viðskiptaleyndarmálið var gert opinbert. Þar af leiðandi er nauðsynlegt að kveða á um skjótar, skilvirkar og aðgengilegar bráðabirgðaráðstafanir til tafarlausrar stöðvunar á ólögmatrí öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmáls, þ.m.t. þegar það er notað til að veita þjónustu. Nauðsynlegt er að slík aðstoð sé tiltæk án þess að bíða þurfi úrskurðar um tilefni kæru en að teknu tilhlýðilegu tilliti til réttar til varnar og meginreglunnar um meðalhóf og með hliðsjón af málavöxtum. Í vissum tilvikum ætti að vera mögulegt að leyfa meintum brotlegum aðila, með fyrirvara um að lögð sé fram ein ábyrgð eða fleiri, að halda áfram að nota viðskiptaleyndarmálið, einkum þegar lítil hættu er á að það verði almenningseign. Einnig ætti að vera mögulegt að nægar tryggingar fái til að þær taki til kostnaðar og tjóns sem stefndi verður fyrir vegna órökstuddrar kæru, einkum þegar hvers konar töf mundi valda löglegum handhafa viðskiptaleyndarmálsins óbætanlegu tjóni.
- 27) Af sömu ástæðum er einnig mikilvægt að kveða á um endanlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir ólögmatu notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmáls, þ.m.t. þegar það er notað við þjónustustarfsemi. Svo að slíkar ráðstafanir séu skilvirkar og í réttu hlutfalli við brot ættu þær, þegar aðstæður krefjast tímatakmörkunar, að vara nægilega lengi til að útiloka viðskiptalegan ávinning sem þriðji aðilinn gæti hafa fengið vegna ólögmatrar öflunar, notkunar eða birtingar viðskiptaleyndarmálsins. Aldrei ætti að vera hægt að fylgja eftir þess konar ráðstöfunum ef upplýsingarnar sem féllu upphaflega undir viðskiptaleyndarmálið eru almenningseign af ástæðum sem ekki er hægt að rekja til stefnda.
- 28) Mögulegt er að viðskiptaleyndarmál séu notuð með ólögmatum hætti til að hanna, framleiða eða markaðssetja vörur eða íhluti þeirra, sem gætu dreifst um allan innri markaðinn og þannig haft áhrif á viðskiptahagsmunum handhafa viðskiptaleyndarmálsins og starfsemi innri markaðarins. Í þeim tilvikum og þegar viðskiptaleyndarmálið sem um er að ræða hefur veruleg áhrif á gæði, verðmæti eða verð varanna, sem skapast af þessari ólögmatu notkun, eða á lækkun kostnaðar, eða greiðir fyrir eða flýttir framleiðslu- eða markaðssetningarferli, er mikilvægt að veita dómsyfirvöldum vald til að fyrirskipa skilvirkar og víðeigandi ráðstafanir í því skyni að tryggja að þessar vörur verði ekki settar á markaðinn eða afturkallaðar. Að teknu tilliti til þess að viðskipti teygja sig um allan heim er einnig nauðsynlegt að slíkar ráðstafanir feli í sér bann við innflutningi þessara vara til Sambandsins eða að þær séu geymdar í því skyni að bjóða þær til sölu eða setja þær á markað. Með hliðsjón af meginreglunni um meðalhóf ættu ráðstafanir til úrbóta ekki endilega að hafa í för með sér að vörum sé eytt ef aðrir vænlegir kostir eru fyrir hendi, s.s. að fjarlægja þá eiginleika vörunnar sem brjóta í bága við reglur, eða ráðstafa vörum utan markaðarins, t.d. með framlögum til góðgerðarstofnana.
- 29) Aðili gæti upphaflega hafa aflað sér viðskiptaleyndarmáls í góðri trú og ekki orðið ljóst fyrir en síðar, m.a. með tilkynningu frá upphaflegum handhafa viðskiptaleyndarmálsins, að vitneskja hans um viðkomandi viðskiptaleyndarmál á rætur að rekja til þess að það var notað eða birt á ólögmatu hátt. Til þess að koma í veg fyrir, við þessar aðstæður, að ráðstafanir til úrbóta eða lögboðnaðar sem kveðið er á um valdi þessum aðila óhóflegum skaða, ættu aðildarríki að kveða á um þann möguleika, í víðeigandi tilvikum, að annað úrræði væri að veita tjónþola fébætur. Slíkar bætur ættu þó ekki að vera hærrí fjárhæð en réttfagreiðslur eða gjöld sem hefðu komið til ef viðkomandi aðili hefði fengið heimild til að

nota viðskiptaleyndarmálið, sem um er að ræða, á tímabili sem upprunalegur handhafi viðskiptaleyndarmálsins hefði getað komið í veg fyrir notkun þess. Ef ólögmat notkun viðskiptaleyndarmálsins myndi teljast brot á lögum að öðru leyti en því sem kveðið er á um í þessari tilskipun eða myndi líklega skaða neytendur, ætti samt sem áður ekki að leyfa slíka ólögmeta notkun.

- 30) Til þess að komast hjá því að aðili sem vísitandi, eða ef gild ástæða er til að ætla að svo hafi verið, öðlast, notar eða birtir viðskiptaleyndarmál með ólögmatum hætti og getur notið góðs af slíku framferði, og til að tryggja að handhafi viðskiptaleyndarmálsins, sem ber tjónið, sé, að svo miklu leyti sem hægt er, í sömu stöðu og hann hefði verið í hefði slíkt framferði ekki viðgengist, er nauðsynlegt að kveða á um fullnægjandi bætur fyrir það tjón sem þetta ólögmeta framferði olli honum. Þegar handhafa viðskiptaleyndarmáls, sem verður fyrir tjóni, eru veittar bætur ætti að taka til greina alla viðeigandi þætti, s.s. tekjutap handhafa viðskiptaleyndarmálsins eða óréttmætan hagnað hins brotlega aðila og, eftir því sem við á, hvers konar tjón af siðferðilegum toga sem handhafi viðskiptaleyndarmálsins verður fyrir. Annar valkostur, t.d. ef erfitt gæti reynst að ákvarða fjárhæð réttmætra skaðabóta, að teknu tilliti til óáþreifanlegra eiginleika viðskiptaleyndarmála, væri að tengja fjárhæðir við þætti eins og réttthafagreiddslur eða gjöld sem komið hefðu til greiðslu hefði brotlegur aðili óskað eftir heimild til að nota viðkomandi viðskiptaleyndarmál. Markmiðið með þessum valkosti er ekki að innleiða skuldbindingu til að kveða á um refsibætur heldur að tryggja bætur sem byggðar eru á hlutlægri viðmiðun jafnframt því að taka tillit til útgjalda sem handhafi viðskiptaleyndarmálsins varð fyrir, t.d. kostnaðar vegna auðkenningar og rannsókna. Þessi tilskipun ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki kveði á um í landslögum sínum að bótaábyrgð starfsmanna vegna tjóna sé takmörkuð í tilvikum þar sem þeir hafa ekki valdið þeim að yfirlögðu ráði.
- 31) Sem fyrirbyggjandi fælandi viðbót fyrir brotlega aðila í framtíðinni og til að stuðla að því að vekja allan almenning til vitundar er gagnlegt að birta ákvarðanir, þ.m.t., eftir því sem við á, með áberandi auglýsingum, í tilvikum er varða ólögmeta öflun, notkun, eða birtingu viðskiptaleyndarmála, með því skilyrði að slík auglýsing leiði ekki til birtingar viðskiptaleyndarmálsins eða hafi óeðlileg áhrif á einkalíf og orðstír einstaklings.
- 32) Dregið gæti úr skilvirkni ráðstafana, verklagsreglna og úrræða, sem eru tiltæk handhöfum viðskiptaleyndarmála, ef ekki er farið að viðeigandi ákvörðunum sem eru samþykktar af lögbærum dómsyfirvöldum. Af þessum sökum er nauðsynlegt að tryggja að þessi yfirvöld hafi viðeigandi valdheimildir til að beita viðurlögum.
- 33) Í því skyni að auðvelda samræmda beitingu ráðstafana, verklagsreglna og úrræða sem kveðið er á um í þessari tilskipun er viðeigandi að búa til kerfi fyrir samstarf og upplýsingaskipti meðal aðildarríkjanna annars vegar og á milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar hins vegar, einkum með því að búa til net fulltrúa sem aðildarríki tilnefna. Auk þess ætti framkvæmdastjórnin, með aðstoð Hugverkastofu Evrópusambandsins, eins og við á, að rannsaka beitingu þessarar tilskipunar og skilvirkni þeirra landsráðstafana sem eru gerðar til þess að endurskoða hvort ráðstafanirnar uppfylli sett markmið.
- 34) Í þessari tilskipun eru þau grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, sem eru viðurkennd, einkum í sáttmálanum, þ.m.t. friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, réttur til verndar persónuupplýsinga, réttur til tjáningarfrelsis og upplýsinga, frelsi til að velja sér starfsgrein og réttur til að stunda vinnu, frelsi til að reka fyrirtæki, eignaréttur, réttur til góðrar stjórnslu og einkum aðgangur að skrá en virða jafnframt viðskiptaleynd, réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi og réttur til varnar.
- 35) Mikilvægt er að virða friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og vernd persónuupplýsinga um hvern þann einstakling, sem handhafa viðskiptaleyndarmáls er heimilt að vinna persónuupplýsingar um þegar hann gerir ráðstafanir til að vernda viðskiptaleyndarmál, eða um hvern þann einstakling sem á hlut í dómsmáli um ólögmeta öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmála samkvæmt þessari tilskipun og persónuupplýsingar um eru í vinnslu. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB<sup>(1)</sup> gildir um vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum í tengslum við þessa tilskipun og undir eftirliti lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, einkum þeirra opinberu óháðu yfirvalda sem aðildarríkin tilnefna. Þessi tilskipun ætti því ekki að hafa áhrif á réttindi og skuldbindingar sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB, einkum

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31).

réttindi skráðs aðila um aðgang að persónuupplýsingum sínum sem eru í vinnslu og að upplýsingarnar séu leiðréttar, þeim sé eytt eða settar á þær aðgangshindranir ef þær eru ófullnægjandi eða ónákvæmar og, eftir því sem við á, þá skuldbindingu að vinna viðkvæm gögn í samræmi við 5. mgr. 8. gr. tilskipunar 95/46/EB.

- 36) Þar eð aðildarríkin geta ekki náð markmiði þessarar tilskipunar nægilega vel, þ.e. að skapa vel starfhæfan innri markað með því að koma á fullnægjandi og sambærilegum úrlausnum á vettvangi innri markaðarins þegar um er að ræða ólögsmæta öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmáls, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.
- 37) Með tilskipun þessari er ekki stefnt að því að koma á fót samræmdum reglum um dómsmálasamstarf, lögsögu, viðurkenningu og framfylgd úrskurða í einka- og viðskiptamállum eða takast á við gildandi lög. Aðrir gerningar Sambandsins sem gilda almennt um slík mál ættu að meginreglu til að eiga jafnt við á því sviði sem þessi tilskipun tekur til.
- 38) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á beitingu reglna samkeppnislaga, einkum 101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Ráðstafanir, verklagsreglur og úrræði sem kveðið er á um í tilskipun þessari, ætti ekki að nota til að hamla samkeppni með óréttmætum hætti í andstöðu við sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins.
- 39) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á beitingu annarra viðkomandi laga á öðrum sviðum, þ.m.t. laga um hugverkaréttindi og samningalaga. Hins vegar þegar gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/48/EB <sup>(1)</sup> og gildissvið þessarar tilskipunar skarast skal þessi tilskipun ganga frammar sem sérlög.
- 40) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 <sup>(2)</sup> og skilaði hún álit 12. mars 2014.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### *I. KAFLI*

##### *Efni og gildissvið*

##### *1. gr.*

##### **Efni og gildissvið**

1. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur um vernd gegn ólögsmætri öflun, notkun og birtingu viðskiptaleyndarmála.

Aðildarríki geta, í samræmi við ákvæði sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, veitt víðtækari vernd gegn ólögsmætri öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmála en krafist er í þessari tilskipun, svo fremi að tryggt sé að farið sé að 3., 5., 6. gr., 7. gr. (1. mgr.), 8. gr., 9. gr. (annarri undirgr. 1. mgr.), 9. gr. (3. og 4. mgr.), 10. gr. (2. mgr.), 11. gr., 13. gr. og 15. gr. (3. mgr.).

<sup>(1)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/48/EB frá 29. apríl 2004 um framfylgd hugverkaréttinda (Stjtíð. EB L 157, 30.4.2004, bls. 45).

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).



2. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á:
- rétt til tjáningarfrelsis og upplýsinga eins og hann er settur fram í sáttmálanum, þ.m.t. að frelsi og fjölræði fjölmiðla sé virt,
  - beitingu Sambands- eða landsreglna þar sem krafist er að handhafar viðskiptaleyndarmála birti, í þágu almannahagsmuna, upplýsingar, þ.m.t. viðskiptaleyndarmál, almenningi eða stjórnvöldum eða dómsyfirvöldum fyrir framkvæmd skyldustarfa þessara yfirvalda,
  - beitingu Sambands- eða landsreglna þar sem þess er krafist eða leyft að stofnanir og aðilar Sambandsins eða landsbundin opinber yfirvöld birti upplýsingar sem fyrirtæki leggja fram og sem þessar stofnanir, aðilar eða yfirvöld hafa undir höndum samkvæmt og í samræmi við skuldbindingar og heimildir sem eru settar fram í lögum Sambandsins eða landslögum,
  - sjálfstæði aðila vinnumarkaðarins og rétt þeirra til að gera kjarasamninga, í samræmi við lög Sambandsins eða landslög og venjur.
3. Ekkert í þessari tilskipun skal skilja svo að tilefni sé til að takmarka hreyfanleika starfsmanna. Einkum ætti þessi tilskipun, í tengslum við að nýta slíkan hreyfanleika, ekki að gefa tilefni til:
- að takmarka notkun starfsmanna á upplýsingum sem ekki fela í sér viðskiptaleyndarmál eins og skilgreint er í 1. lið 2. gr.,
  - að takmarka notkun starfsmanna á reynslu og færni sem þeir hafa öðlast með heiðarlegum hætti í daglegum störfum sínum,
  - að setja hvers konar viðbótartakmarkanir á starfsmenn í ráðningarsamninga aðrar en takmarkanir sem eru settar í samræmi við lög Sambandsins eða landslög.

2. gr.

### Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „viðskiptaleyndarmál“: upplýsingar sem uppfylla öll eftirfarandi skilyrði:
  - það er leyndarmál í þeim skilningi að það er ekki, sem heild eða í samskiptum og samsetningu einstakra hluta þess, almennt þekkt eða auðvelt að nálgast meðal aðila í hópum sem venjulega fjalla um þá tegund upplýsinga sem um er að ræða,
  - í því felst viðskiptalegt gildi vegna þess að það er leyndarmál,
  - sá einstaklingur sem löglega ræður yfir upplýsingunum hefur gert eðlilegar ráðstafanir eftir aðstæðum til að halda þeim leyndum,
- „handhafi viðskiptaleyndarmáls“: einstaklingur eða lögaðili sem ræður yfir viðskiptaleyndarmáli með löglegum hætti,
- „brotlegur aðili“: einstaklingur eða lögaðili sem hefur öðlast, notað eða birt viðskiptaleyndarmál með ólöglegum hætti,
- „brotlegur varningur“: varningur, sem í krafti hönnunar, eiginleika, virkni, framleiðsluferlis eða markaðssetningar hans hlýst verulegur ávinningur af vegna ólögægðrar öflunar, notkunar eða birtingar viðskiptaleyndarmála.

*II. KAFLI***Öflun, notkun og birting viðskiptaleyndarmála***3. gr.***Lögmæt öflun, notkun og birting viðskiptaleyndarmála**

1. Öflun viðskiptaleyndarmáls telst lögmæt þegar viðskiptaleyndarmálið er fengið eftir einhverri af eftirfarandi leiðum:
  - a) sjálfstæð uppgötvun eða sköpun,
  - b) athugun, rannsókn, sundurhlutun eða prófun vöru eða hlutar, sem hefur verið gerður aðgengilegur almenningi eða er lögleg eign þess sem fær upplýsingarnar og er ekki lagalega skuldbundinn til að takmarka öflun viðskiptaleyndarmálsins,
  - c) nýting réttar launafólks eða fulltrúa þess til upplýsinga og samráðs í samræmi við lög Sambandsins og landslög og venjur,
  - d) hvers konar aðrar starfsvenjur sem, við viðkomandi aðstæður, eru í samræmi við heiðarlega viðskiptahætti.
2. Telja skal öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmáls löglega að svo miklu leyti sem í lögum Sambandsins eða landslögum er krafist slíkrar öflunar, notkunar eða birtingar eða hún er leyfð.

*4. gr.***Ólögmæt öflun, notkun og birting viðskiptaleyndarmála**

1. Aðildarríki skulu tryggja að handhafar viðskiptaleyndarmála hafi rétt til að óska eftir að gerðar séu ráðstafanir, verklagsreglur og úrræði sem kveðið er á um í þessari tilskipun í því skyni að koma í veg fyrir eða rétta hlut sinn varðandi ólögmæta öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmáls síns.
2. Öflun viðskiptaleyndarmáls án samþykkis handhafa leyndarmálsins skal ætíð teljast ólögmæt þegar hún fer fram með:
  - a) óheimilum aðgangi að, töku eða afritun á skjölum, hlutum, efni eða rafrænum skráum, sem handhafi viðskiptaleyndarmálsins ræður löglega yfir, og sem fela í sér viðskiptaleyndarmálið eða að hægt sé að draga ályktanir um leyndarmálið af þeim,
  - b) hvers konar öðru framferði sem, við viðkomandi aðstæður, teljast vera í andstöðu við heiðarlega viðskiptahætti.
3. Notkun eða birting viðskiptaleyndarmáls skal teljast ólögmæt þegar einstaklingur sem telst uppfylla eitthvert eftirfarandi skilyrði stundar hana án samþykkis handhafa viðskiptaleyndarmálsins:
  - a) hann komst yfir viðskiptaleyndarmálið með ólögmætum hætti,
  - b) hann brýtur gegn trúnaðarsamkomulagi eða öðrum skyldum um að birta ekki viðskiptaleyndarmálið,
  - c) hann brýtur gegn samningi eða öðrum skyldum um að takmarka notkun viðskiptaleyndarmálsins.
4. Öflun, notkun eða birting viðskiptaleyndarmáls skal einnig teljast ólögmæt þegar einstaklingur vissi eða hefði, eftir aðstæðum, átt að vita á þeim tíma þegar hann aflaði, notaði eða birti leyndarmálið, að viðskiptaleyndarmálið var fengið beint eða óbeint frá öðrum einstaklingi sem notaði eða birti það með ólögmætum hætti í skilningi 3. mgr.

5. Framleiðsla, söluboð eða innflutningur, útflutningur eða geymsla brotlegs varnings í þessu skyni skal einnig teljast ólöglegt notkun viðskiptaleyndarmáls þegar einstaklingurinn sem framkvæmir slíkt vissi, eða ætti að hafa vitað, eftir aðstæðum, að viðskiptaleyndarmálið var notað með ólöglegum hætti í skilningi 3. mgr.

5. gr.

#### **Undanþágur**

Aðildarríki skulu tryggja að beiðni um beitingu ráðstafana, verklagsreglna og úrræða sem kveðið er á um í þessari tilskipun verði vísað frá þegar meint öflun, notkun eða birting viðskiptaleyndarmálsins fór fram í einhverjum eftirfarandi tilvikum:

- a) til að neyta réttar til tjáningarfrelsis og upplýsinga eins og sett er fram í sáttmálanum, þ.m.t. að frelsi og fjölræði fjölmiðlanna sé virt,
- b) til að sýna fram á misferli, brot eða ólöglega starfsemi, svo fremi að stefndi hafi gert það í því skyni að vernda almannahagsmuni,
- c) þegar launþegar afhenda fulltrúum sínum viðskiptaleyndarmál, og er liður í því að viðkomandi fulltrúar inni störf sín afhendi með löglegum hætti, í samræmi við lög Sambandsins eða landslög, svo fremi að afhendingin hafi verið nauðsynleg í þeim tilgangi,
- d) til að vernda lögmæta hagsmuni sem eru viðurkenndir í lögum Sambandsins eða landslögum.

### *III. KAFLI*

#### ***Ráðstafanir, verklagsreglur og úrræði***

##### 1. þáttur

#### **Almenn ákvæði**

6. gr.

#### **Almennar skyldur**

1. Aðildarríki skulu sjá fyrir ráðstöfunum, verklagsreglum og úrræðum sem eru nauðsynleg til að tryggja aðgengi að einkaréttarlegum úrræðum gegn ólöglegri öflun, notkun og birtingu viðskiptaleyndarmála.
2. Ráðstafanir, verklagsreglur og úrræði sem um getur í 1. mgr. skulu:
  - a) vera sanngjörn og réttmæt,
  - b) ekki vera óþarflega flókin eða kostnaðarsöm, hafa í för með sér óhóflega fresti eða óréttmætar tafir og
  - c) vera skilvirk og hafa varnaðaráhrif.

7. gr.

#### **Meðalhóf og misnotkun málsóknar**

1. Ráðstöfunum, verklagsreglum og úrræðum sem kveðið er á um í þessari tilskipun skal beitt með þeim hætti:
  - a) að þau séu í réttu hlutfalli við brot,
  - b) að ekki skapist hindranir í löglegum viðskiptum á innri markaðnum og
  - c) að kveðið sé á um verndarráðstafanir gegn misnotkun þeirra.

2. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær dómsyfirvöld geti, að beiðni stefnda, beitt viðeigandi ráðstöfunum eins og landslög kveða á um, þegar kæra varðandi ólögsmæta öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmáls er augljóslega tilefnislaus og í ljós kemur að kærandi hefur hafið dómsmál með ótilhlýðilegum hætti eða í vondri trú. Slíkar ráðstafanir geta, eins og við á, falið í sér að stefnda eru dæmdar skaðabætur, kærandi er beittur viðurlögum eða fyrirmæli eru gefin um miðlun upplýsinga um úrskurð eins og um getur í 15. gr.

Aðildarríki geta ákveðið að ráðstafanir, eins og um getur í fyrstu undirgrein, verði viðfangsefni í aðskildu dómsmáli.

8. gr.

### Fyrningarfrestur

1. Aðildarríki skulu, í samræmi við þessa grein, mæla fyrir um reglur um fyrningarfresti sem gilda um efnislegar kröfur og aðgerðir fyrir beitingu ráðstafana, verklagsreglna og úrræða sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

Með reglunum sem um getur í fyrstu undirgrein skal ákvarðað hvenær fyrningarfrestur hefst, hve langur hann er og aðstæður sem valda því að hann er rofinn eða felldur niður tímabundið.

2. Fyrningarfrestur skal ekki vera lengri en sex ár.

9. gr.

### Varðveisla trúnaðarskyldu um viðskiptaleyndarmál meðan á málarekstri stendur

1. Aðildarríki skulu tryggja að málsaðilar, lögmenn þeirra eða aðrir fulltrúar, embættismenn dómstóla, vitni, sérfræðingar og sérhver annar einstaklingur, sem tekur þátt í dómsmáli er varðar ólögsmæta öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmáls eða sem hefur aðgang að skjölum sem eru hluti af viðkomandi dómsmáli, hafi ekki heimild til að nota eða birta nokkurt viðskiptaleyndarmál eða meint viðskiptaleyndarmál sem lögbær dómsyfirvöld hafa, á grundvelli tilhlýðilega rökstuddrar kæru hagsmunaaðila, auðkennt sem trúnaðarmál og þessir aðilar hafa fengið að vita um vegna slíkrar þátttöku eða slíks aðgangs. Að því er þetta varðar geta aðildarríki einnig heimilað lögbærum dómsyfirvöldum að gera ráðstafanir að eigin frumkvæði.

Skyldan sem um getur í fyrstu undirgrein skal gilda áfram eftir að dómsmálinu lýkur. Slík skylda er þó ekki lengur fyrir hendi við eftirfarandi aðstæður:

- þegar litíð er svo á, samkvæmt lokaákvörðun, að meint viðskiptaleyndarmál uppfylli ekki kröfurnar sem settar eru fram í 1. lið 2. gr. eða
- þegar upplýsingarnar sem um er að ræða verða almennt þekktar með tímanum meðal einstaklinga innan hópa sem venjulega fást við þess konar upplýsingar eða eiga greiðan aðgang að þeim.

2. Aðildarríki skulu einnig tryggja að lögbær dómsyfirvöld geti, með tilhlýðilega rökstuddri kæru frá málsaðila, gert sérstakar nauðsynlegar ráðstafanir til að varðveita trúnaðarskyldu um hvers konar viðskiptaleyndarmál eða meint viðskiptaleyndarmál sem er notað eða vísað til í dómsmáli er varðar ólögsmæta öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmáls. Aðildarríki geta einnig heimilað lögbærum dómsyfirvöldum að grípa til slíkra ráðstafana að eigin frumkvæði.

Ráðstafanirnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu a.m.k. taka til eftirfarandi möguleika á:

- að takmarka aðgang að hverju því skjali sem hefur að geyma viðskiptaleyndarmál eða meint viðskiptaleyndarmál sem málsaðilar eða þriðju aðilar leggja fyrir takmarkaðan fjölda einstaklinga, í heild eða að hluta,

- b) að takmarka aðgang að réttarhöldum þar sem viðskiptaleyndarmál eða meint viðskiptaleyndarmál kunna að vera upplýst, einnig aðgang að samsvarandi skrá eða umriti réttarhaldanna við takmarkaðan fjölda einstaklinga,
- c) að veita hverjum þeim einstaklingi, öðrum en þeim sem telst til þess takmarkaða fjölda einstaklinga sem um getur í a- og b-lið, aðgang að útgáfu dómsniðurstöðu sem ekki er háð trúnaðarkvöð, þar sem kaflar sem hafa að geyma viðskiptaleyndarmál hafa verið fjarlægðir eða ritskoðaðir.

Einstaklingarnir, sem um getur í a- og b-lið annarrar undirgreinar, skulu ekki vera fleiri en nauðsyn krefur til þess að tryggja að rétti aðila að dómsmálinu til að fá skilvirkt úrræði og réttláta málsmeðferð, sé framfylgt og í þeim hópi skal vera a.m.k. einn einstaklingur frá hvorum málsaðila og lögmenn þeirra eða aðrir fulltrúar þessara málsaðila.

3. Þegar ráðstafanirnar, sem um getur í 2. mgr., eru ákvarðaðar og metið er hvort þær eru í réttu hlutfalli við brot skulu lögbær dómsyfyrvöld taka tillit til nauðsynjar þess að tryggja réttinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns og réttlátrar málsmeðferðar, lögmætra hagsmuna málsaðilanna og, eftir því sem við á, þriðju aðila, og hugsanlegs tjóns, sem verður þegar slíkar ráðstafanir eru samþykktar eða þeim er hafnað, fyrir annan hvorn málsaðila, og, eftir því sem við á, fyrir þriðju aðila.
4. Hvers konar vinnsla persónuupplýsinga skv. 1., 2. eða 3. mgr. skal fara fram í samræmi við tilskipun 95/46/EB.

## 2. þáttur

### Bráðabirgða- og varúðarráðstafanir

#### 10. gr.

### Bráðabirgða- og varúðarráðstafanir

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær dómsyfyrvöld geti, að beiðni handhafa viðskiptaleyndarmálsins, fyrirskipað einhverja af eftirfarandi bráðabirgða- og varúðarráðstöfunum gegn meintum brotlegum aðila:
  - a) stöðvun eða, eftir atvikum, bann við notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmálsins í atvinnuskyni,
  - b) bann við framleiðslu, sölubóði, markaðssetningu eða notkun brotlegs varnings eða innflutningi, útflutningi eða geymslu slíks varnings í þessu skyni,
  - c) haldlagningu eða afhendingu á varningi sem grunur leikur á að sé brotlegur, þ.m.t. innfluttur varningur, til að koma í veg fyrir að hann sé settur á markað eða fari þar í umferð.
2. Aðildarríki skulu tryggja að dómsyfyrvöld geti, sem valkostur við ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr., leyft áframhald á meintri ólögmætri notkun viðskiptaleyndarmáls ef lagðar eru fram ábyrgðir sem eiga að tryggja handhafa viðskiptaleyndarmálsins bætur. Ekki skal heimilt að birta viðskiptaleyndarmál gegn því að ábyrgðir séu lagðar fram.

#### 11. gr.

### Skilyrði fyrir kærnu og verndarráðstafanir

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær dómsyfyrvöld hafi, að því er varðar ráðstafanirnar sem um getur í 10. gr., vald til að krefja kærandaðann um að veita sönnunargögn sem hægt er að nálgast með góðu móti til þess að geta gengið úr skugga um með nægilegri fullvissu að:
  - a) viðskiptaleyndarmál sé fyrir hendi,

- b) kærandinn sé handhafi viðskiptaleyndarmálsins og
- c) viðskiptaleyndarmálsins hafi verið aflað með ólögætum hætti, það sé notað eða birt með ólögætum hætti, eða ólögæt öflun, notkun eða birting viðskiptaleyndarmálsins sé yfirvofandi.

2. Aðildarríki skulu tryggja að þegar ákveðið er hvort kæran verður samþykkt eða henni verður synjað og metið hvort hún sé í réttu hlutfalli við brot skulu lögbær dómshyrningur þurfa að taka tillit til sérstakra aðstæðna, þ.m.t., eftir því sem við á:

- a) verðmæti og önnur séreinkenni viðskiptaleyndarmálsins,
- b) ráðstafanir sem gerðar eru til að vernda viðskiptaleyndarmálið,
- c) framferði stefnda við öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmálsins,
- d) áhrifin af ólögætri notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmálsins,
- e) lögætir hagsmunir málsaðilanna og áhrifin sem það gæti haft á þá hvort ráðstafanir verða samþykktar eða þeim verði hafna,
- f) lögætir hagsmunir þriðju aðila,
- g) almannahagsmunir og
- h) verndun grundvallarréttinda.

3. Aðildarríki skulu tryggja að ráðstafanir sem um getur í 10. gr. verði afturkallaðar eða hætti að hafa áhrif með öðrum hætti, að beiðni stefnda, ef:

- a) kærandi höfðar ekki dómssál sem leiðir til ákvörðunar um málsástæður fyrir lögbæru dómshyrningi, innan sanngjarns tímafrests sem dómshyrningi, er skipaði fyrir um ráðstafanir, ákvarðaði, ef lög aðildarríkis heimila svo, eða, þegar slík ákvörðun liggur ekki fyrir, innan tímabils sem fer ekki yfir 20 virka daga eða 31 almanaksdag, eftir því hvort er lengra, eða
- b) upplýsingarnar sem um er að ræða uppfylla ekki lengur kröfurnar í 1. lið 2. gr. af ástæðum sem ekki er hægt að rekja til stefnda.

4. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær dómshyrningur geti gripið til ráðstafananna, sem um getur í 10. gr., með því skilyrði að kærandi leggi fram fullnægjandi tryggingu eða jafngildi hennar til að tryggja bætur fyrir hvern þann skaða sem stefndi og, eftir því sem við á, einhver annar einstaklingur sem ráðstafanir höfðu áhrif á, verður fyrir.

5. Ef ráðstafanir sem um getur í 10. gr. eru afturkallaðar á grundvelli a-liðar 3. mgr. þessarar greinar, ef þær falla niður vegna aðgerðar eða aðgerðarleysis kæranda eða ef síðar kemur í ljós að ekki er um ólögæt öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmálsins að ræða eða hættu á slíku framferði, skulu lögbær dómshyrningur hafa vald til að fyrirskipa kæranda, að beiðni stefnda eða þriðja aðila sem varð fyrir tjóninu, að greiða stefnda eða umræddum þriðja aðila hæfilegar bætur vegna tjóns sem ráðstafanir hafa haft í för með sér.

Aðildarríki geta ákveðið að krafa um bætur sem um getur í fyrstu undirgrein, verði viðfangsefni í aðskildu dómssáli.

## 3. þáttur

**Ráðstafanir sem hljóttast af ákvörðun um málsástæður***12. gr.***Lögbönn og ráðstafanir til úrbóta**

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær dómsyfirvöld geti, þegar niðurstaða dómsúrskurðar um málsástæður er að um hafi verið að ræða ólögmetta öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmáls, fyrirskipað eina eða fleiri eftirfarandi ráðstafanir gegn hinum brotlega:

- a) stöðvun eða, eftir atvikum, bann við notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmálsins,
- b) bann við framleiðslu, söluboði, markaðssetningu eða notkun brotlegs varnings eða innflutningi, útflutningi eða geymslu slíks varnings í þessu skyni,
- c) samþykkt viðeigandi ráðstafana til úrbóta með tilliti til hins brotlega varnings,
- d) eyðingu, í heild eða að hluta, skjals, hlutar, efnis eða rafrænnar skrár sem hefur að geyma eða felur í sér viðskiptaleyndarmálið eða, eftir því sem við á, að afhenda kærandanum þessi skjöl, hluti, efni eða rafrænu skrár, í heild eða að hluta.

2. Ráðstafanir til úrbóta sem um getur í c-lið 1. mgr. skulu taka til þess:

- a) að innkalla brotlegan varning af markaði,
- b) að fjarlægja þá eiginleika brotlegs varnings sem gerir hann brotlegan,
- c) að eyða brotlega varningnum eða, eftir því sem við á, að fjarlægja hann af markaði, svo fremi að það grafi ekki undan verndun viðkomandi viðskiptaleyndarmáls.

3. Þegar aðildarríki fyrirskipa að brotlegur varningur verði fjarlægður af markaði geta þau ákveðið að dómsyfirvöldum sé heimilt að gefa fyrirmæli um, að beiðni handhafa viðskiptaleyndarmálsins, að varningurinn verði afhentur handhafanum eða góðgerðarstofnunum.

4. Lögbær dómsyfirvöld skulu gefa fyrirmæli um að ráðstafanirnar, sem um getur í c- og d-lið 1. mgr., verði framkvæmdar á kostnað hins brotlega nema sérstakar ástæður séu til þess að gera það ekki. Þessar ráðstafanir skulu vera með fyrirvara um hvert það tjón sem handhafi viðskiptaleyndarmálsins kann að verða fyrir af völdum ólögmettrar öflunar, notkunar eða birtingar viðskiptaleyndarmálsins.

*13. gr.***Skilyrði fyrir kærnu, verndarráðstafanir og aðrar ráðstafanir**

1. Aðildarríki skulu tryggja, þegar þau taka fyrir beiðni um samþykkt lögbanna og ráðstafana til úrbóta, sem kveðið er á um í 12. gr., og meta hvort þau séu í réttu hlutfall við brot, að lögbær dómsyfirvöld verði að taka tillit til sérstakra aðstæðna í málinu, þ.m.t., eftir því sem við á:

- a) verðmæti eða önnur séreinkenni viðskiptaleyndarmálsins,
- b) ráðstafanirnar sem gerðar eru til að varðveita viðskiptaleyndarmálið,

- c) framferði brotlegs aðila við að afla, nota eða birta viðskiptaleyndarmálið,
- d) áhrifin af ólögmati notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmálsins,
- e) lögmætir hagsmunir málsaðila og áhrif sem samþykkt eða synjun ráðstafananna gæti haft á málsaðila,
- f) lögmætir hagsmunir þriðju aðila,
- g) almannahagsmunir og
- h) verndun grundvallarréttinda.

Ef lögbær dómsyfírvöld takmarka gildistíma ráðstafananna, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 12. gr., skal gildistíminn vera nægur til að útiloka hvers kyns viðskiptalegan eða efnahagslegan ávinning sem brotlegur aðili gæti hafa fengið af ólögmati öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmálsins.

2. Aðildarríki skulu tryggja að ráðstafanirnar, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 12. gr., séu afturkallaðar eða hætti að hafa áhrif með öðrum hætti, að beiðni stefnda, ef viðkomandi upplýsingar uppfylla ekki lengur kröfur 1. liðar 2. gr. af ástæðum sem ekki er hægt að rekja til stefnda beint eða óbeint.

3. Aðildarríki skulu ákveða að lögbærum dómsyfírvöldum sé heimilt, að beiðni þess sem sæta mun þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 12. gr., að fyrirskipa fébætur í stað þess að beita þessum ráðstöfunum ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

- a) hlutaðeigandi einstaklingur hvorki vissi né hefði mátt vita, við þessar aðstæður, á þeim tíma sem notkun eða birting fór fram, að viðskiptaleyndarmálið var fengið frá öðrum einstaklingi sem notaði eða birti viðskiptaleyndarmálið með ólögmetum hætti,
- b) framkvæmd viðkomandi ráðstafana mundi valda þeim einstaklingi óhóflegum skaða og
- c) fébætur til tjónþola virðast tiltölulega viðunandi.

Ef dæmdar eru fébætur í stað ráðstafananna, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 12. gr., skulu þær ekki vera hærri en réttfagreiðslur eða gjöld sem komið hefðu til greiðslu hefði sá aðili óskað eftir heimild til að nota viðkomandi viðskiptaleyndarmál, fyrir tímabilið sem hefði verið hægt að banna notkun viðskiptaleyndarmálsins.

*14. gr.*

#### **Skadabætur**

1. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær dómsyfírvöld fyrirskipi, að beiðni brotþolans, hinum brotlega sem vissi eða hefði mátt vita að hann hafði með ólögmetum hætti aflað, notað eða birt viðskiptaleyndarmál, að greiða handhafa viðskiptaleyndarmálsins viðeigandi skadabætur vegna raunverulegs tjóns af völdum ólögmatrar öflunar, notkunar eða birtingar viðskiptaleyndarmálsins.

Aðildarríkin geta takmarkað tjónaábyrgð starfsmanna gagnvart vinnuveitendum sínum vegna ólögmatrar öflunar, notkunar eða birtingar viðskiptaleyndarmáls vinnuveitandans þegar það er ekki gert að yfirlögðu ráði.

2. Þegar lögbær dómsyfírvöld fastsetja skadabæturnar sem um getur í 1. mgr. skulu þau taka tillit til allra viðeigandi þátta, t.d. neikvæðra efnahagslegra afleiðinga, þ.m.t. glataður hagnaður sem brotþólinn varð fyrir, ósanngjarn hagnaður hins brotlega og, í viðeigandi málum, önnur atriði en efnahagslegir þættir, s.s. siðferðilegt tjón, sem handhafi viðskiptaleyndarmálsins varð fyrir vegna ólögmatrar öflunar, notkunar eða birtingar viðskiptaleyndarmálsins.

Að öðrum kosti geta lögbær dómsyfírvöld, í viðeigandi málum, ákveðið eingreiðslu skadabóta á grundvelli þátta á borð við lágmarksfjárhæð réttfagreiðslna eða gjalda sem komið hefðu til greiðslu ef hinn brotlegi hefði óskað heimildar fyrir notkun á viðkomandi viðskiptaleyndarmáli.



15. gr.

### **Birting dómsniðurstaðna**

1. Aðildarríkin skulu tryggja, í dómsmálum sem koma til vegna ólögmatrar öflunar, notkunar eða birtingar viðskiptaleyndarmáls, að lögbær dómsyfirvöld geti gefið fyrirmæli um viðeigandi ráðstafanir, að beiðni kæranda og á kostnað hins brotlega, til að miðla upplýsingum um dómsniðurstöðuna, þ.m.t. að birta hana í fullri lengd eða að hluta.
2. Með hverjum þeim ráðstöfunum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal varðveita trúnaðarskyldu um viðskiptaleyndarmál sem kveðið er á um í 9. gr.
3. Við ákvörðun á því hvort gefa eigi fyrirmæli um ráðstöfun, sem um getur í 1. mgr., og þegar metið er hvort hún sé í réttu hlutfalli við brot skulu lögbær dómsyfirvöld taka tillit til, eftir því sem við á, verðmætis leyndarmálsins, framferðis brotlegs aðila við að afla, nota eða birta viðskiptaleyndarmálið, áhrifa af ólögmatrí notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmálsins og hve líklegt er að hinn brotlegi noti frekar eða birti viðskiptaleyndarmálið með ólögmatum hætti.

Lögbær dómsyfirvöld skulu einnig taka tillit til þess hvort upplýsingarnar um brotlegan aðila séu þess eðlis að hægt sé að bera kennsl á einstakling og, ef svo er, hvort birting þeirra upplýsinga væri réttlæt看leg, einkum í ljósi hugsanlegs tjóns sem slík ráðstöfum gæti valdið hinum brotlega hvað varðar einkalíf hans og orðspor.

### *IV. KAFLI*

### **Viðurlög, skýrslugjöf og lokaákvæði**

16. gr.

### **Viðurlög við því að fara ekki að þessari tilskipun**

Aðildarríki skulu tryggja að lögbær dómsyfirvöld geti lagt viðurlög á hvern þann einstakling sem hlítir ekki eða neitar að hlíta hvers konar ráðstöfun sem er samþykkt skv. 9., 10. og 12. gr.

Viðurlögin sem kveðið er á um skulu fela í sér þann möguleika að endurteknum sektum verði beitt í tilvikum þegar ráðstöfun, sem er samþykkt skv. 10. og 12. gr., er ekki hlítt.

Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

17. gr.

### **Skipti á upplýsingum og samskiptafulltrúar**

Í því skyni að efla samstarf, þ.m.t. upplýsingaskipti, meðal aðildarríkjanna og á milli þeirra og framkvæmdastjórnarinnar skal hvert aðildarríki tilnefna einn eða fleiri innlendan samskiptafulltrúa um hvert það álitamál er snýr að framkvæmd þeirra ráðstafana sem tilskipun þessi kveður á um. Það skal veita hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni upplýsingar um innlenda samskiptafulltrúa sína, einn eða fleiri.

18. gr.

### **Skýrslur**

1. Hugverkastofa Evrópusambandsins skal, eigi síðar en 9. júní 2021, með tilliti til starfsemi Evrópsku athugunarstöðvarinnar um brot á hugverkaréttindum, undirbúa frumskýrslu um þróun málssókna er varða ólögmeta öflun, notkun eða birtingu viðskiptaleyndarmála samkvæmt beitingu þessarar tilskipunar.
2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 9. júní 2022, semja áfangaskýrslu um beitingu þessarar tilskipunar og leggja hana fyrir Evrópuþingið og ráðið. Í þeirri skýrslu skal taka tilhlýðilegt tillit til skýrslunnar sem um getur í 1. mgr.

Í áfangaskýrslunni skulu einkum skoðuð hugsanleg áhrif af beitingu þessarar tilskipunar á rannsóknir og nýsköpun, hreyfanleika starfsmanna og réttar til tjáningarfrelsis og upplýsinga.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 9. júní 2026, framkvæma mat á áhrifum þessarar tilskipunar og skila skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins.

*19. gr.*

#### **Lögleiðing**

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 9. júní 2018. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríki samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

*20. gr.*

#### **Gildistaka**

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

*21. gr.*

#### **Viðtakendur**

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 8. júní 2016.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

M. SCHULZ

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

A.G. KOENDERS

*forseti.*